

Nd.

286. Nefndarálit

[113. mál]

um frv. til l. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveim fundum og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. 2. málsg. orðist svo:

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

Nefndarmennirnir HV og JSk hafa þó fyrirvara um afstöðu sína til frumvarpsins.

Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er komið verulega til móts við þær óskir forráðamanna sveitarfélaganna, sem margoft hafa verið fram bornar, að sveitarfélögin fái nýjan tekjustofn.

Talið er, að kaupstaðir og stærri hreppsfélög muni skv. frv. geta fengið úr Jöfnunarsjóði um 10—12% viðbót við tekjur af útsvörum, en önnur sveitarfélög geta fengið á þessu ári allt að 35%, sbr. ákvæði til bráðabirgða, en eftir það allt að 50%, sbr. 2. gr. frv.

Breytingartillaga sú, sem nefndin flytur, kveður á um það, að ekki sé hægt að taka framlög Jöfnunarsjóðs upp í gamlar vanskilaskuldir sveitarfélaganna. Hins vegar er að sjálfsögðu opið eftir sem áður að semja um greiðslu á slíkum skuldum.

Alþingi, 4. apríl 1960.

Sigurður Bjarnason,
form.

Birgir Finnsson,
fundaskr., frsm.

Hannibal Valdimarsson,
með fyrirvara.

Jón Skaftason.

Guðl. Gíslason.